

Garnagaul

Inni í skóginum ríkti mikil gleði. Ljónapabbi og ljónamamma höfðu eignast lítinn ljónsunga. Það var bara eitt vandamál. Litli ljónsunginn átti erfitt með að sofna á daginn. Það var reyndar ekkert skrítið þar sem það var óttalegur hávaði í dýrum skógarins. Froskarnir ropuðu, aparnir öskruðu, fuglarnir




kvökuðu og fílnir blésu og það var enginn svefnfriður. Loks missti ljónamamma þolinmæðina. "Heyrðu ljónapabbi, segðu nú dýrunum að hafa þögn og þú munir éta hvert það dýr sem vekur litla ljónsungann" Ljónapabba fannst þetta ekki slæm hugmynd, hann gat alveg hugsað sér smá snarl svo hann belgdi sig út og öskraði hátt: "ÞÖGN!" Öll dýrin þögnuðu og litu undrandi á ljónapabba. "Ég mun éta hvert það dýr sem er með hávaða og vekur ljónsungann."



Í skóginum varð algjör þögn, dýrin þorðu ekki að gefa frá sér smáhljóð hvað þá hávaða og ljónsunginn litli gat loksins sofnað. Tíminn leið og ekkert hljóð heyrðist þegar smám saman fór að heyrast hljóð frá tjörninni.

Froskarnir voru aftur farnir að ropa og þeir ropuðu hærra og hærra og hærra þar til ljónapabbi öskraði hátt: "ÞÖGN!". Síðan sneri hann sér til ljónamömmu og spurði: "Má ég borða froskana?" en ljónamamma kíkti á ljónsungann og svaraði: "Nei, því ljónsunginn sefur enn".


Það rumdi í ljónapabba. Aftur varð þögn í skóginum en brátt fór að heyrast kvak að ofan. Fuglarnir voru aftur byrjaðir að kvaka og þeir kvökuðu hærra og hærra og hærra þar til ljónapabbi öskraði hátt: "ÞÖGN!". Síðan sneri hann sér til ljónamömmu og spurði: "Má ég borða fuglana?" en ljónamamma kíkti á ljónsungann og svaraði: "Nei, því ljónsunginn sefur enn".





Ljónapabbi setti upp fýlusvip. Aftur varð þögn í skóginum en fljótlega heyrðust öskur í trjánum. Aþarnir voru aftur byrjaðir að öskra og þeir öskruðu hærra og hærra og hærra þar til Ljónapabbi öskraði hátt: "ÞÖGN!". Síðan sneri hann sér til Ljónamömmu og spurði: "Má ég borða apana?" en Ljónamamma kíkti á Ljónsungann og svaraði: "Nei, því Ljónsunginn sefur enn".

Ljónapabbi strauk á sér magann. Aftur varð þögn í skóginum og Ljónapabbi fór að óska sér að eitthvað af dýrunum færi nú að vekja Ljónsungann. Hann var orðinn svo ósköp svangur. Loksins heyrðist blásið. Fílarirnir voru aftur byrjaðir að blásu og þeir blésu hærra og hærra og hærra þar til Ljónapabbi öskraði hátt: "ÞÖGN!". Síðan sneri hann sér til Ljónamömmu og spurði: "Má ég borða fílana?" en Ljónamamma kíkti á Ljónsungann og svaraði: "Nei, því Ljónsunginn sefur enn".



Nú var Ljónapabba nóg boðið. Hann mátti ekki borða froskalappir, ekki fuglsvæng, ekki apaskott og nú heldur ekki fílsrass. En Ljónsunginn svaf enn svo við þessu var ekkert að gera. Ljónapabbi lagðist niður og óskaði þess innilega að eitthvað dýr myndi nú vekja Ljónsungann. En það var þögn í skóginum, dýrin sváfu og Ljónsunginn allra best.

En nú fór að heyra undarlegt hljóð í skóginum það rumdi undarlega, hærra og hærra og hærra og hærra og skyndilega vaknaði Ljónsunginn og rak upp

háværan grát. Ljónamamma var bálreið. Hún sneri sér að Ljónapabba og sagði: "Ljónapabbi þú mátt vekja hvern þann sem vakti litla Ljónsungann".



En Ljónapabbi settist aumingjalega upp og strauk á sér magann og sagði: "Ég get það ekki Ljónamamma því það var ÉG og maginn minn sem vakti litla Ljónsungann.

Og nú hlógu öll dýrin í skóginum hjartanlega. **Endir.**